



NÆSTA BLAÐ KEMUR ÚT MIÐVIKUDAGINN 6. JÚLÍ



FJÖRÐUR FAGNAR SUMRINU!

ÞAÐ VERÐA TILBOÐSDAGAR Í FIRÐI
DAGANA **8. - 11. JÚNÍ**

FÖGNUMÐURINN ENDAR SVO Á **LIFANDI
LAUGARDEGI**, MEÐ SKEMMTILEGRI
DAGSKRÁ FYRIR BÖRN OG FULLORÐNA

FYLGIST EINNIG MEÐ Á SAMFÉLAGSMÍÐLUM OG HEIMASÍÐU @FJORDUR

Sjá nánar á næstu síðu →





LIFANDI LAUGARDAGUR

KOMDU VIÐ OG KÍKTU Á STEMNINGUNA

**ÞAÐ VERÐUR MEÐAL ANNARS
ANDLITSMÁLNING OG ÍSHESTAR BJÓÐA YNGSTU
KYNSLÓÐINNI Á HESTBAK. SIRKUS ÍSLANDS OG
BLAÐRARINN KOMA EINNIG Á SVÆÐIÐ OG HALDA
SUMAR-FJÖRINU UPPI!**

**ÍS Í BOÐI FRÁ KJÖRÍS Í KRAMBÚÐINNI ÁSAMT
GÓÐUM TILBOÐUM Í VERSLUNUM FJARDAR**

BYLGJAN OG FJÖRÐURINN Í SUMAR SKAPI

SJÁUMST!





**SJÁ TILBOÐ
MÁNAÐARNS
NÁNAR Á FACEBOOK**



**20% AF
VÖLDUM
VÖRUM**



**20% AF ÖLLUM
SÓLAVÖRNUM**

Lyf & heilsa



**20% AF ÖLLUM
BUXUM &
YFIRHÖFNUM**



ÚR & GULL

**20%
AF ÚRUM**



**25% AF ÖLLUM
MISS ÉTOILE
VÖRUM**



**FORRÉTTA TILBOÐ
VÆNGIR OG DRYKKUR
1.590 KR**

**RIF
RESTAURANT**



**20% AF
HLAUPAHJÓLUM &
JAFNVÆGISHJÓLUM**



**20-50%
AF FATNAÐI**



**20% AF
BLUEBELLA &
GORTEKS VÖRUM**



**20-40% AF
ÖLLUM
VÖRUM**



**20% AF
UMGJÖRÐUM
& SÓGLERAUGUM**

augastaður

TILBOÐIN GILDA DAGANA 8. - 11. JÚNÍ

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarahúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: sími 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja · Dreifing: Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarahúsið ehf.,
Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

leiðarinn



Var bærarstjóra-stóllinn aðalmaræðufnið í stjórnamyndunarviðræðum Sjálfstæðisflokks og Framsóknar? Hvernig stendur á því að oddvitum stjórnmálaflokka dettur í hug að deila með sér bærarstjórastólnum, 2½ ár og 1½ ár? Bærarstjóraembættið eins og það er í Hafnarfirði er ekki pólitískt embætti. Bærarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og bærarstjórnin leggur línurnar, mótar stefnu og samþykkir fjárhagsáætlanir. Fyrir átta árum var starfið auglýst af m.a. núverandi bærarstjóra og þá voru miklar kröfur gerðar til menntunar og reynslu. Hvers vegna ekki fyrir fjórum árum og hvers vegna ekki nú.

Við höfum pólitískt embætti sem er forseti bærarstjórnar. Það hefur áður verið notað sem eins konar pólitískur bærarstjóri sem kom út á við fyrir hönd sveitarfélagsins og var talsmaður hans en bærarstjórnin fékk meiri frið til að sinna sinni vinnu sem framkvæmdastjóri sveitarfélagsins.

Eru það launin?, upphæðin?, titillinn eða hvað er það sem gerir fólk svona þyrst í að verða bærarstjóri? Spyr sá sem ekki veit.

Nú ríkir meirihluti sem hefði ekki átt að vera í meirihluta ef lýðræðið væri virkt. Hvers vegna er notast við undarlegar reiknireglur til að ákveða úthlutun bærarfulltrúasæta á meðan einfalt atkvæðahlutfall væri miklu sanngjarnara. Bæði Sjálfstæðisflokkur og Samfylking fengu einu sæti meira en hlutfallslegt fylgi þeirra sagði til um og af sömu ástæðu misstu Vinstri græn og Píratar af því að eiga fulltrúa í bærarstjórn. Etlar enginn að taka þetta mál upp? Sem dæmi um vitlesuna fékk D í Garðabæ aðeins rétt rúmlega 49% atkvæða en 64% bærarfulltrúa, 7 af 11.

Fyrir utan það að 17,5% greiddra atkvæða dattu dauð niður þar sem flokkarnir sem það fólk kaus náði ekki inn og aðeins um 43% kosningabærra bærarbúa nýttu atkvæði sín til að kjóla þá sem í bærarstjórn sitja.

Í bærarstjórn sitja fulltrúar bærarbúa og flokkslíkur ættu litt að ráða för. Gott gengi til nýrrar bærarstjórnar!

Guðni Gíslason ritstjóri.

Víðistaðakirkja

Sumarmessur í Garðakirkju

alla sunnudaga kl. 11:00.

Víðistaðakirkja

tekur þátt í Sumarmessunum sem er samstarfsverkefni kirknanna í Hafnarfirði, Garðabæ og á Álftanesi.

Kaffi og dagskrá á Króki eftir messur.

Sjá nánar á Facebook: **Sumarmessur í Garðakirkju**

Skráning í fermingu 2023

á vidistadakirkja.is

Heiðdís sýnir



Á fyrstu sýningu sinni STYTITIR UPP að Norðurbakka 1 sýnir Heiðdís Helgadóttir olíumálverk sem hún hefur unnið að síðastliðin fjögur ár.

Sorg, vonbrigði og tilfallandi geðsveiflur eru hluti af eðlilegri líðan mannsins. Dapurleikinn varir ýmist stutt eða lengi, stundum of lengi. Hegðun hugans var Heiðdís hugleikin við vinnslu verkanna og hvernig hann á það til að koma aftan að manni með látum þegar maður á sist von á því. Birtan og blæbrigðin í verkunum er áminning um það að vonir glæðast, vorsólin yljur vetrarhríð og blómin birtast á ný, um leið og það stytir upp.

Heiðdís Helgadóttir (38) nam listfræði í HÍ áður en hún útskrifaðist með BA gráðu í arkitektúr frá Listaháskóla Íslands. Sýningin stendur yfir til 11. júní 2022

Ratleikur Hafnarfjarðar

Stendur til 26. september

Allir geta tekið þátt!

f Ratleikur
<https://ratleikur.fjardarfrettir.is>

Markmiðið með leiknum er að hvetja til útivistar og náttúruskoðunar í fjölbreyttu landi upplands Hafnarfjarðar og um leið að vekja athygli á þeim fjölmörgu perlum sem leynast í okkar næsta nágrenni.

Þemað í ár er:
Gamlar þjóðleiðir, götur og stígar.

Ratleikskortin má fá á sundstöðum, í bókasafninu, ráðhúsinu, bensínstöðvum, í Fjarðarkaupum, Altis, Músik og sport og víðar. Fylgstu með á www.facebook.com/ratleikur

Hefur þú komið í A Hansen nýlega?



Ef ekki, þá er núna góður tími til að endurnýja kynnin af gómsætum réttunum á matseðlinum og þeim breytingum sem við höfum gert á honum, með það að markmiði að reyna að bæta og fullnægja óskum okkar gesta með heimagerðri matseld með fersku og vel völdu hráefni. Frá hjarta til hjarta Hafnarfjarðar!



Fyrsti hafnfirski safnarinn - Sýning

Byggðasafn Hafnarfjarðar opnaði nýja þemasýningu í forsal Pakkhússins að Vesturgötu 6, sl. miðvikudag. Sýningin ber heitið „Frú Þorbjörg Bergmann, fyrsti hafnfirski safnarinn.“

Sýningin fjallar um líf og söfnunarstarf Þorbjargar Sigurðardóttir Bergmann sem var fædd í Pálsbæ á Seltjarnarnesi 13. apríl árið 1876. Að loknu Kvennaskólanámi árið 1898 ræðst Þorbjörg í vinnu á Bíldudal þar sem hún kynntist mannsefni sínu, Sigfúsi

Bergmann en þau gengu í hjónaband aldamótaárið 1900. Sama ár fluttu þau til Hafnarfjarðar og urðu fljótlega áberandi í bæjarlífinu. Þorbjörg byrjaði snemma að safna þjóðlegum munum og virðist hennar helsta markmið hafa verið að bjarga þeim frá glötun.

Um 400 munir voru í safni Þorbjargar Bergmann sem færðir voru Reykjavíkurfélaginu árið 1952 og síðar gefnir Árbæjarsafni árið 1958, munirnir mynduðu grunninn að Árbæjarsafni.



Fyrir hverju ætlar þú að spara í sumar?

Sími

Nýr meirihluti með 44,4% atkvæða

Framsókn og Sjálfstæðisflokkur hafa birt málefnasamning og munu deila bæjarstjórástólnum

Gróska, vellíðan, framsýni er yfirskrift málefnasamnings þeirra tveggja flokka sem mynda meirihluta í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Eru það 6 af 11 bæjarfulltrúum sem gera með sér málefnasamning, 4 fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og 2 fulltrúar Framsóknar.

Þessir flokkar hlutu þó aðeins 44,4% greiddra atkvæða en vegna d'Hondt úthlutunarreglunnar sem stuðst er við, fengu Sjálfstæðisflokkur og Samfylking einum fleiri bæjarfulltrúa en atkvæðamagn þeirra segir til en Vinstri græn og Píratar fengu ekki fulltrúa sem þeir hefðu átt að fá ef hlutfallslegt vægi atkvæða réði.

Málefnasamningurinn er stuttur, um helmingi styttri en málefnasamningur sömu flokka fyrir 4 árum síðan.

Þó það komi ekki fram í málefnasamningnum þá tilkynntu oddvitar flokkanna að samkomulag hefði verið um að þeir deildu bæjarstjórástólnum á milli sín, Rósa Guðbjartsdóttir verði áfram bæjarstjóri næsta 2½ árið og Valdimar Víðisson, oddviti Framsóknar yrði oddviti síðasta 1½ árið af kjörtímabilinu.

ÞJÓNUSTA, ÍBÚALÝÐRÆÐI OG FJÁRMÁL

- Áhersla verður lögð á að auka skilvirkni og bæta viðmót í þjónustu við íbúa.
- Stafræn þjónusta áfram bætt og þróuð, sbr. ábendingagagtt.
- Íbúar verði hvattir til frekari þátttöku í stefnumótun, ákvörðunum og lýðræðislegri umræðu í bæjarfélaginu.
- Áhersla verður áfram á ábyrgan rekstur og aðhald í útgjöldum.
- Haldið verður áfram að lækka álögur og gjöld með sérstakri áherslu á barna-fjölskyldur.

FJÖLSKYLDAN OG FÓLKID

- Gjöld á barnafólk í skólakerfinu verði áfram lækkuð, meðal annars fyrir skólamáltíðir og þannig stigin markviss skref í þá átt að gera þær gjaldfrjálssar.
- Leikskóladagurinn verði endurskipulagður með það að markmiði að bæta starfsaðstæður barna og starfsmanna.
- Unnið verði að því að tryggja börnum dagvistun frá því að fæðingarorlofi lýkur með fjölbreyttum leiðum og stuðningi við dagforeldrarferðir og bilið brúað þar til leikskóladvöl hefst.
- Fristundaðgrykkir verði teknir upp við þriggja ára aldur á tímabilinu og frístundaakstur verði fyrir öll börn.
- Skólalúsnæði verði nýtt betur í þágu eldra fólks, t.d. í dans, til sauma eða smíði og skólamótuneyti verði þeim opin.
- Heilsuefandi samfélag styrkt enn frekar fyrir alla aldurshópa, m.a. með heimaþjálfun til eldra fólks og stutt verði við tómstundir til kynningar fyrir börn.
- Haldið verði áfram að byggja upp fjölbreytta þjónustu, afþreyingu og heilsuefingu fyrir eldra fólk og skipulagðar íbúðir og hjúkrunarheimili í ólíkum hverfum bæjarins, sbr. á Sólvangssvæði, í Hamranesi/Völlum og á Hrafnistu-svæðinu.
- Haldið verður áfram að innleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
- Unnið verði að samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið.

- Aukin verði upplýsingagjöf til innflytjenda með kynningu á réttindum þeirra og fjölmenningsarráðið efl.
- Unnið verði að eflingu og stækkun heilsugæslunnar í samvinnu við ríkið með áherslu á heilsugæslu á Völlum/Hamranesi.
- Unnin verði húsnæðisáætlun og framtíðarsýn um uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk sem taki mið af því að tryggja samráð við íbúa um búsetukosti ásamt því að stytta biðtíma.
- Haldið verður áfram að efla einstaklingsbundinn stuðning við börn í anda Brúarinnar og farsældarlaganna.
- Haldið verður áfram að auka lífsgæði fyrir fólk með geðraskanir.

MENNTUN OG MENNING

- Úthlutunarlíkan til grunnskóla verði endurskoðað með hliðsjón af almennu menntastundum og stoðþjónustu til að innleiða til fulls skóla án aðgreiningar.
- Unnið verði að stækkun Tónlistarskólans og möguleikar nemenda til að geta stundað tónlistarnám í sínum grunnskóla aukin.
- Aðstaða fyrir leikhús verði tryggð.
- Aðbúnaður frístundaheimila og félagsmiðstöðva bættur, m.a. til búnaðar-kaupa og heimanáms.
- Áfram verður áhersla á menningartengda starfsemi og viðbúðir til að efla mannlíf og bæjarbrag.
- Unnin verður áætlun til næstu ára varðandi íþróttaaðstöðu við þá grunnskóla sem ekki eru með íþróttahús. Greindur verður kostnaður við keyrslu í íþróttahús til lengri tíma, samhliða gert kostnaðarmat á byggingu íþróttahúsa og rekstri þeirra.

ÍÞRÓTTIR OG TÓMSTUNDIR

- Endurbótum á Suðurbæjarlaug verður lokið og hafinn undirbúningur að endurbótum á útisvæði við Ásvallalaug.
- Haldið verður áfram uppbyggingu íþróttamannvirkja í samræmi við áherslur ÍBH, þar sem knattús Hauka og reiðhöll Sörla eru komin á framkvæmdastig.
- Næstu verkefni eru að tryggja framtíðarhúsnæði fyrir dansíþróttafélag Hafnarfjarðar og Brettafélagið.



Valdimar Víðisson (B) og Rósa Guðbjartsdóttir (D) undirrita málefnasamninginn í Hellsigerði sl. miðvikudag.

- Áfram verður unnið samkvæmt hjóla- og göngustígar í bænum og upplandinu endurskoðaðir til að auka möguleika til útivistar, efla vistvænir samgöngur og tengingar við önnur sveitarfélög.
- Unnið verði að skipulagi nýs golfvallar.

SKIPULAG, UMhverfi OG UMFERÐ

- Lóðum í Áslandi 4 verður úthlutað í upphafi kjörtímabils og áfram verður unnið við skipulag á næsta nýbyggingarsvæði í landi Hafnarfjarðar, Vatnshlíð.
- Lögð verður rík áhersla á upptöku svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins svo brjóta megi nýtt land og tryggja þannig nauðsynlegt lóðaframboð til framtíðar samhliða þéttingu byggðar.
- Skilvirkni í skipulagsmálum verði bætt með áherslu á styttri afgreiðslutíma tillagna og erinda sem berast til skipulagsyfirvalda.
- Framtíðarlausnir á umferðarálagi við Reykjanesbraut, frá gatnamótum við Setberg að Kaplakrika/Álftanesvegi verði settar í forgang í samræmi við samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.
- Uppbygging framtíðarhúsnæðis og koma Tækniskólans til Hafnarfjarðar áfram undirbúin.
- Settar verði upp rafhleðslustöðvar fyrir bíla og hjól við stofnanir bæjarins.
- Hellsigerði verði fegrað og endurbætt fyrir aldarafmæli garðsins með nýju deiliskipulagi sem felur í sér algilda hönnun og þjónustuhús.

- Áfram unnið að hreinsun og fegrun umhverfis og viðhaldi gatna og eigna bæjarins.
- Komið verði upp útivistar- og almenningsvæði á Völlum.
- Lögð verður áhersla á uppbyggingu í miðbænum og á hafnarsvæðinu. Skipulag á svæðunum styðji við eldri byggðir og verndun bæjarbragsins ásamt því að ýta undir blómlegt bæjarlíf og fjölbreytta þjónustu.

ATVINNU- OG FERÐAMÁL

- Áfram verði fjölgað atvinnulóðum til að anna mikilli eftirspurn.
- Gerð verði stefna um uppbyggingu atvinnulífs með áherslu á nýbyggingarsvæði.
- Tækifæri verði nýtt í Krýsuvík til eflingar ferðamennsku með uppbyggingu þjónustumiðstöðva, auðlindagarðar og nýtingar auðlinda svæðisins.
- Álagningarprósenta fasteignagjalda áfram lækkuð.
- Stuðla að nýsköpun og klasatækifærum tengdum Tækniskólanum.

MÁLEFNASAMNINGUR FLOKKANNA 2018:





Það er eitthvað sérstakt við það að búa í Hafnarfirði

Sjóvá | 440 2000 | sjova@sjova.is



SJÓVÁ

Skátamót á flugvelli í Hafnarfirði

Áttugasta Vormót Hraunbúa sem haldið hefur verið í Krýsuvík, Helgadal, Höskuldarvöllum og víðar



Vormót Hraunbúa var haldið í áttugasta sinn um liðna helgi og að þessu sinni var það haldið á flugmódelvelli Byts við Hvaleyrarvatn.

Þema mótsins var Víkingar og aðstoðaði Víkingafélagið Rimmugýgur með dagskrá og veitti þátttakendum mikla innsýn í nútíma víkingastarf!

Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá, m.a. í kringum Hvaleyrarvatn en sérstök dagskrá var í boði fyrir rekka-skáta og eldri.

Það er Skátafélagið Hraunbúar sem heldur mótið sem er að jafnaði fyrsta skátamót sumarsins en þetta er í annað sinn sem mótið er haldið á þessum stað.

Mótið hefur verið haldið víða en oftast hefur það verið í Krýsuvík. Fyrsta mótið var haldið í Kaldárseli en síðan hafa mótin veit í Helgadal áður en hann var afgirtur sem vatnsverndarsvæði, við Kleifarvatn, í Stóra-Bás, á Höskuldarvöllum, við Öttarsstaði og einu sinni var mótið haldið í Dalnum þar sem byggðin er nú í Skarðshlíð.

Skátar frá Kópum í Kópavogi og Víflí í Garðabæ tóku einnig þátt í mótinu ásamt Hraunbúum.

Að sögn Bjarna Freys Þórðarsonar, félagsforingja Hraunbúa gekk mótið mjög vel og allir ánægðir.

Áttugasta Vormótinu var fagnað með móttöku á hvítasunnudag og komu skátar

og aðrir gestir og fögnuðu tímamótunum og rífuðu upp mót fyrri ára.



Veðrið lék við mótsgesti á laugardeginum sem nýttu tímann til fjölbreyttra starfa.



Á skátamótum er góður tími gefinn til að elda mat og að njóta..



Hratt komust þau en héldu sig á jörðinni þó á flugbraut væru.

VERSLUNARRÝMI TIL LEIGU

30 m² verslunarrými er laust til leigu á jarðhæð í verslunarmiðstöðinni Firði.

Upplýsingar veitir Guðmundur í síma 615 0009



Stokkið
í sjóinn..

25. Ratleikur Hafnarfjarðar hafinn

27 ratleiksmerki er að finna vítt um bæjarlandið sem þátttakendur hafa allt sumarið til að finna

Ratleikur Hafnarfjarðar nýtur sívaxandi vinsælda enda frábær leikur sem dregur fólk vítt og breitt um bæjarlandið, og jafnvel víðar, þar sem ýmsar perlur er að finna, merki um mannvist fyrri alda og náttúruvætti.

Ratleikurinn hófst sl. föstudag er mæðgurnar Bára Hálfðanardóttir og Sóley Harpa Aronsdóttir fengu afhent fyrstu kortin en Sóley er aðeins 2ja ára og tók fyrst þátt í leiknum í móðurkviði. Bára hefur tekið þátt í leiknum í um sjö ár og er í góðum hópi sem kallar sig Gönguhópurinn hvatvísi sem hún segir oft fara af stað í meiri bjartsýni en fyrirhyggju. Sóley hefur tvö síðustu ár farið með í leikinn og notið útivistarinnar.

Í ár eru það gamlar þjóðleiðir, götur og stigar sem er þema leiksins en víða um bæjarlandið má finna ummerki um ferðir íbúa fyrri alda sem hafa markað spor í jarðveginna á leið sinni t.d. til næstu verbúðar eða í sel.

LEIKUR FYRIR ALLA

Leikurinn hentar því sem næst öllum og fólk hefur val um að leita að hluta af merkjunum eða þeim öllum 27 og keppa um það að verða Þrautakóngur ársins. Finni fólk 18 merki og skilar inn lausnum getur það átt möguleika á að



Ljóm: Fjardarfrettir - Kristjana Þordís Ágústsdóttir



Bára og Sóley Harpa, virkir þátttakendur í Ratleik Hafnarfjarðar fá fyrstu kortin úr hendi Guðna umsýjarmann leiksins.

verða útnefnt Göngugarpur ársins og þeir sem finna 9 merki geta hlotið nafnbótina Léttfeti ársins.

Veitt eru vegleg verðlaun sem fyrirteki hafa af rausnarskap gefið og einnig útdráttarverðlaun sem þeir eiga möguleika á að fá sem mæta á uppskeruhátíðina í haust en leikurinn stendur til 26. september nk.

FRÍTT ÚTIVISTARKORT

Gefið er út vandað útivistarkort sem fæst án endurgjalds á ýmsum stöðum í bænum, m.a. á sundstöðum, í Bókasafninu, í Fjarðarkaupum og víðar.

Það er Hönnunarhúsið ehf. sem gefur út leikinn í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ en aðalstyrktaraðili leiksins í ár er Rio Tinto á Íslandi. Guðni Gíslason lagði leikinn í 15. sinn en Ómar Smári

Ármannsson hefur veitt ómetanlega aðstoð en hann heldur úti fróðleikssíðunni ferlir.is þar sem finna má ógrynni af fróðleik um Reyknesið.

Nánar má sjá um leikinn á ratleikur.fjardarfrettir.is og á Facebook síðunni Ratleikur Hafnarfjarðar.



Sjómannadagurinn

12. júní í Hafnarfirði

Við fögnum Sjómannadegi með hátíðarhöldum á höfninni sem Hafnarfjörður er kenndur við. Skemmtidagskrá við Flensborgarhöfn, fiskasýning á Háabakka, sögusýning á Strandstíg, handverk og hönnun, vinalægir veitingastaðir og kósí kaffihús í hjarta Hafnarfjarðar. **Gleðilegan Sjómannadag!**

Sjá dagskrá:
hfj.is/sjomannadagur

Hafnarfjörður

Pílukastafélag Hafnarfjarðar hélt sitt fyrsta Íslandsmót í glæsilegri aðstöðu

Fyrir skömmu var Íslandsmót unglinga 2022 haldið í Píluklúbbnum, Reykjavíkurvegi 64, í umsjón PFH, Pílukastfélags Hafnarfjarðar.

Pílukastfélag Hafnarfjarðar, var starfrækt fyrir aldamót í nokkur ár en var svo lagt niður árið 1998. Félagið lá í dvala en PFH var síðan endurvakið vorið 2020 og voru stofnmeðlimir hins nýja félags 18. Nú er félagið stærsta pílukastfélag landsins með yfir 100 félaga.

Þetta var fyrsta mótið sem PFH heldur fyrir ÍPS, Íslenska pílukast-

sambandið, en frábær aðstaða er fyrir móthald í Píluklúbbnum.

Það eru þau Ingibjörg Magnúsdóttir og Vitor Charrua, margfaldir íslandsmeistarar og landsliðskeppendur, sem eiga og reka Píluklúbbinn hér í bæ og þar hefur PFH sína félags- og æfinga-aðstöðu.

Mótið tókst vel og var frábær mæting keppenda en um 30 ungmenni víðsvegar að af landinu freistuðu þess að verða Íslandsmeistarar í fjórum flokkum þar sem keppt var í tveimur aldurshópum drengja og stúlkna, 9-13 ára og 14-18 ára.



Hörð en skemmtileg keppni var og sýnt beint frá Íslandsmótinu.



Aðstaðan í Píluklúbbnum er glæsileg og einnig aðlöguð fyrir fatlaða.

Keppt var fyrst í riðlum og fylgdi útsláttarkeppni í kjölfarið þar sem leikið var um efstu þrjú sætin.

ÍSLANDSMEISTARAR URÐU:

Emilía Rós Hafdal Kristinsdóttir og Alexander Veigar Þorvaldsson í flokki 14-18 ára.

Regína Sól og Axel James Wright í flokki 9-13 ára.

Nánar er hægt að sjá öll úrslit og myndir á heimasíðu Íslenska pílukast-sambandsins dart.is

ÖRT VAXANDI ÍÞRÓTT

Pílukast er ört vaxandi íþrótt og núna á árinu 2022 bættist við sér unglingamótaröð hjá Íslenska pílukast sambandinu

Í Hafnarfirði er hægt að æfa pílukast í glæsilegri aðstöðu Píluklúbbsins að Reykjavíkurvegi 64 og má finna allar upplýsingar á PFH.is og prodarts.is



Karلاكórinn Prestir í Hafnarfirði vill bæta við sig áhugasömum kórfélögum í haust

Skemmtilegur og góður félagsskapur og munum við taka vel á móti ykkur!

Björgvin formaður kórsins
sími 897 6605 | threstir@threstir.is



Sendum sjómönnum og íbúum Hafnarfjarðar hamingjuóskir á sjómannadaginn



Rauðhelli 16 | Hafnarfirði
símar 555 3686, 666 1122 | www.stjornustal.is

Óskum sjómönnum og bæjarbúum öllum til hamingju á Sjómannadaginn!



Tjarnavöllum 15 • sími 565 5665



www.elding.is



Hringhellu 3 • www.fura.is



Lónsbraut 2 • www.gaflarar.is



www.goa.is



HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna
Fornubúðum 5 • www.hafogvatn.is



HAFNARFJARÐARHÖFN
www.hafnarfjardarhofn.is



Hafnarfjörður
www.hafnarfjordur.is



www.das.is



Grandatröð 2 • www.hberg.is



Hraunvangi 7 • www.hrafnista.is

HVALUR hf.

Reykjavíkurvegi 48



netto

www.netto.is

NONNI GULL
Handverk í sérflökki

Strandgötu 37 - 565 4040



www.musikogsport.is



Cuxhavengötu 1 • www.saltkaup.is



Slysavarnardeildin Hraunprýði
www.facebook.com/Hraunprydi



Dalshrauni 1 • www.strendingur.is



Íshellu 8 • www.tempra.is



ÚTHAFSSKIP



VÉLAVERKSTÆÐI
Melabraut 23-25 • www.vhe.is



www.vinnuvelarehf.is | sími 496 4400



www.fjordur.is

FJARÐAR fréttir óskar bæjarbúum til hamingju á sjómannadaginn

Tökum þátt í hátíðarhöldunum í Hafnarfirði

96 útsrifuðust úr Flensborgarskólanum

Útskrifað af fimm brautum skólans og af íþróttafrekssviði

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði brautskráði fyrir skómmu 96 nemendur. Þeir útskrifuðust af fimm brautum skólans; félagsvísinda-, raunvísinda-, viðskipta- og hagfræði-, starfsbraut og opinni braut. 37 þeirra luku einnig námi á íþróttafrekssviði skólans.

Hæstu einkunn hlaut Adele Alexandra Bernabe Pálsson með 9,63 en hún hlaut Menntaverðlaun Háskóla Íslands fyrir framúrskarandi árangur á stúdentsprófi. Einnig hlaut hún styrk frá Rio Tinto fyrir góðan árangur í raungreinum og, frá skólanum, viðurkenningu fyrir góðan árangur í ensku, spænsku, stærðfræði, íþróttgreinum og íslensku.

Andrea Marý Sigurjónsdóttir var semidúx Flensborgarskólans með einkunnina 9,52. Hún fékk verðlaun frá Háskólanum í Reykjavík fyrir frábæran námsárangur í raungreinum. Einnig var hún verðlaunuð fyrir góðan námsárangur í spænsku, stærðfræði og íþróttfræði.



Ánægðir nýstúdentar við útskriftina í Flensborgarskólanum sem hefur útskrifað stúdenta síðan 1975.



Skólameistari og aðstoðarskólameistari, ásamt nemendum sem fengu viðurkenningu fyrir félagsstörf.

Sandra Dögg Kristjánsdóttir var þriðja hæst, með 9,29 í meðaleinkunn. Hún er einnig afreksskona í íþróttum og stúdent af raunvísindabraut og hlaut viðurkenningar fyrir mjög góðan árangur í íslensku og íþróttfræðum.

Þrír starfsmenn voru kvaddir eftir farsælan feril en það voru þau Friðrik Olgeir Júlíusson, stærðfræðikennari, María Hrafnisdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur og Tamara Soutourina, enskukennari.

KENNURUM ÞAKKAÐ

Í ræðu sinni kom Erla Ragnarsdóttir, skólameistari, inn á skólastarf þá og nú en 60 ára gagnfræðingar heimsóttu gamla skólann sinn á dögunum. Margt

hefur breyst í tímans rás en það sem ætíð hefur einkennt Flensborgarskólann er hinn jákvæði skólabragur, mann-gæska og vinarþel enda er haft að leiðarljósi í skólastarfinu að glæða sálargáfum, líkt og það er orðað í fyrstu reglugerð um skólann frá 1882.

Kennarar gegna þar lykilhlutverki og eru mörgum eftirminnlegir, nú sem endranær. Þeim var til dæmis þakkað í gær fyrir að vera ávallt reiðubúnir til að styðja við nemendur, bæði í leik og starfi, og sýna þeim einlægán áhuga, eins og nýstúdínan Emília Ósk Steinarsdóttir kom inn á ræðu sinni.

Keppni í Fjarðarbikarnum hafin

Veitingastaðurinn Rif og verslunarmiðstöðin Fjörður styrkja unglingastarfið

Forkeppni Fjarðarbikarsins 2022 í golfi hófst á mánudaginn á Hvaleyrinni.

Félagsmenn Keilis geta tekið þátt alla vikuna til og með mánudeginum 13. júní. Eina sem þarf að gera er að panta sér rástíma samkvæmt rástímareglum Keilis og tilkynna þátttöku í golfverslun áður en leikur er hafinn og greiða 1500 krónur.

Leikin er 18 holu punktkeppni 6.-13. júní þar sem 16 leikmenn komast áfram og leika holukeppni með fullum forgjafarmun miðað við vallarforgjöf þangað til úrslit fást um Fjarðarbikarinn. Allir félagsmenn Keilis hafa keppnisrétt og verðlaunin í ár eru vegleg:

Undankeppni: 1. sæti í punktkeppni – úttekt í Firði fyrir 30.000,-

2. sæti í punktkeppni – úttekt í Firði fyrir 20.000,-

3. sæti í punktkeppni – úttekt í Firði fyrir 15.000,-

16 manna úrslit: Allir sem vinna leiki sína fá 10.000 króna úttekt á Rif restaurant. Allir sem tapa sínum leik fá úttekt á einum drykk og forrétt hjá Rif restaurant.

8 manna úrslit: Allir sem vinna leiki sína fá 10.000 króna úttekt á Rif restaurant. Allir sem tapa sínum leik fá úttekt á einum drykk og forrétt hjá Rif restaurant.

4 manna úrslit: Allir sem vinna leiki sína fá 10.000 króna úttekt á Rif restaurant. Allir sem tapa sínum leik fá

úttekt á einum drykk og forrétt hjá Rif restaurant.

Úrslitaleikur: Sigurvegari fær Fjarðarbikarinn og úttekt í Firði fyrir 50.000 krónur. Annað sæti fær 10.000 króna úttekt á Rif restaurant.

Styrktaraðilar keppinnar eru Rif restaurant Firði, verslunarmiðstöðin Fjörður og fasteignafélagið 220 Fjörður.

Allur ágóði af mótinu rennur til barna- og unglingastarfs Keilis.



Sigurvegari síðasta árs ásamt fulltrúum Fjarðar, Rífs og Keilis.

FJARÐAR fréttir

VEF
AUGLÝS
INGAR

sími 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is



Ný Krýsuvíkurkirkja vígð - „Samvinna og trú“

Ný endurgerð Krýsuvíkurkirkja var vígð hvítasunnudaginn 5. júní sl. Af því tilefni var gefinn út bæklingur um sögu endurbýggingarinnar, flutninginn á vettvangi í Krýsuvík, afhendingu og kirkjuvígsluna.

Krýsuvíkurkirkja brann til grunna aðfaranótt 2. janúar 2010 en kirkjan var byggð árið 1857, gerð upp og endurbýggð 1964 og síðar færð sem næst í upprunalegt horf með vinnu sem hófst 1986. Kirkjan stóð við hlið Krýsuvíkurbæjarins en það sem eftir var af honum var jafnað við jörðu með jarðytu um 1960 ásamt fleiri minjum.

Þann 25. febrúar 1964 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar að afhenda Krýsu-

víkurkirkju ásamt kirkjugarði og öðrum mannvirkjum tilheyrandi staðnum Hafnarfjarðarsókn til fullrar eignar og varðveislu, ásamt landspildu umhverfis kirkjuna, samtals 7.096 m² að stærð.

Endurgerð kirkjunnar eftir brunann fór fram undir handleiðslu kennara og nemenda Iðnskólans í Hafnarfirði, síðar Tækniskólans og lauk henni áratug síðar. Þann 9. október 2020 var kirkjan flutt á grunn gömlu kirkjunnar. Formleg afhending fór fram á vettvangi 22. júní 2020. Þá var kirkjan afhent Þjóðminjasafni Íslands, eiganda kirkjunnar frá árinu 1857, sem síðan fól hana Hafnarfjarðarkirkju til varðveislu.



Hryssingslegt veður var á vígsludaginn; suðaustan rigning og þokusúld.

Formleg vígslan tafaðist hins vegar vegna heimsfaraldurs þar til sl. hvítasunnudag. Fyrrum vígslubiskup í Skálholti, séra Kristján Valur Ingólfsson, annaðist vígsluna. Var athöfnin mikil að sniðum, samtals 42 dagskrárliðir; þ.á.m. upphenging altarisöflu, upphafsorð formanns Vínafélags Krýsuvíkurkirkju, „Upp er risin Krýsuvíkurkirkja; ljód ort og flutt af sr. Gunnþóri Ingasyni í tilefni af vígslu kirkjunnar og kirkjubæn sr. Jóninu Ólafsdóttur. Eftir lokaorð formanns sóknarnefndar Hafnarfjarðarkirkjuvar messuvíni dreypt á gróf Sveins Björnssonar utan við kirkjuna. En hvers mátti fyrrum sýslumaðurinn Árni Gísla-

son í Krýsuvík gjalda? Hann bjó síðast í Krýsuvík 1880 til dauðadags 26. júní 1898. Hafði um tíma hæsta lausafjártíund allra búandi manna á Íslandi. Hann var jarðsettur aftan við kirkjuna og er legsteinn hans þar enn í dag.

Hrafnkell Marínósson, kennari við Iðnskólann, átti ekki minnstan þátt í nýsmíðinni. Aðspurður eftir vígsluathöfnina í Krýsuvík hvað væri honum minnisstæðast í tíu ára byggingarsögu kirkjunnar á lóð Iðnskólans í Hafnarfirði svaraði hann án umhugsunar: „Félagi, það er samvinna og trú“.



Kristján Valur Ingólfsson fv. vígslubiskup annaðist vígsluna.

- skiljum ekkert eftir

- mold
- trjágreinar
- gras
- illgresi og arfi
- blómaafskurður

en ekkert plast - takk!

Garðaúrgangsgámur

verður til staðar hjá

ORKUNNI

Reykjavíkurvegi - Hafnarfirði

til 3.ágúst

NÝTUM ORKUNA



í að FLOKKA


terra



Umhverfismatsskýrsla vegna knatthúss á Ásvöllum kynnt

Umsagnarfrestur er til 15. júlí nk. – Lítil munur gerður á valkostunum

Í mati á umhverfisáhrifum eru lagðir fram tveir valkostir, valkostur A er fyrirhuguð uppbygging, skv. aðalskipulagi og deiliskipulagi. Valkosturinn gerir ráð fyrir að knatthús sé staðsett nyrst á athugasvæði og æfingasvæði verði staðsett sunnan við núverandi gervigrasvöll.

Til samanburðar í mati á umhverfisáhrifum er valkostur B sem byggir á fyrri hugmynd um uppbyggingu samkvæmt fyrra deiliskipulagi frá árinu 2010. Slíkur kostur virðist þó ekki raunhæfur enda hefur lóð verið úthlutað undir íbúðarbyggingar á íþróttasvæðinu þar sem hluti af knatthúsinu átti að standa.

Syðst á svæðinu er gert ráð fyrir þremur æfingavöllum og eru þeir vellir sameiginlegir fyrir báða valkosti.

Núllkostur felur í sér óbreytt ástand og að ekki verður af framkvæmdum. Núllkostur er notaður sem grunnviðmið til að meta áhrif framkvæmda á umhverfið.

ÍTARLEG SKÝRSLA

Umhverfismatið er unnið af VSÓ Ráðgjöf, undir verkstjórn Hafnafjarðarbæjar.

ÓVERULEG TIL TALSVERÐ ÁHRIF Á UMHVERFISÞÆTTI

Það er að niðurstaða umhverfismats að valkostir séu í heild taldir hafa óveruleg áhrif til talsvert neikvæð áhrif á umhverfisþætti og eru áhrif talin sambærileg á milli valkosta. Neikvæð áhrif koma helst fram vegna rasks á eldhrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Að mati Hafnafjarðarbæjar er óhjákvæmilegt að raska hrauni, og hefur verið leitað við að draga úr raski eins og kostur er. Ekki er talið að uppbygging íþróttasvæðis á öðrum stöðum á Völlumunum geti mætt þeim markmiðum sem sett eru í skipulagi eða sé til þess fallin að valda minni áhrifum á eldhraun.

Framkvæmdin er einnig líkleg til að hafa óveruleg til talsverð neikvæð áhrif



Yfirlit yfir valkosti A og B

á landslag og ásynd. Knathús kemur til með að verða áberandi í landslaginu sem einkennist að hluta til þegar af þéttbýlu og manngerðu umhverfi. Knathúsið mun sjást vel og vera áberandi í landslaginu, séð frá friðlandi og fólkvangi Ástjarnar og nálægri byggð. Það á við um báða valkosti.

Báðir valkostir eru líklegir til að hafa áhrif á fuglalíf við Ástjörn en það hefur sýnt sig að svæðið er viðkvæmt fyrir framkvæmdum. Heldur meira öryggi og ró í umhverfinu virðast felast í kosti A og hann því líklega betri fyrir fuglalíf til lengri tíma lítið. Þegar á heildina er lítið er niðurstaðan sú að ólíklegt sé að valkostir hafi varanleg neikvæð áhrif á fuglalíf Ástjarnar.

Knatthúsið kemur til með að vera áberandi kennileiti á svæðinu og breyta ásynd íþróttasvæðisins og nánasta umhverfi þess, m.a. frá friðlandi og fólkvangi Ástjarnar og Ásfjalls. Æfingarvellið syðst á deiliskipulagsvæðinu koma til með að breyta ásynd þess svæðis þar sem þeir fara yfir hálfgróid hraun.



Möguleg ásynd svæðis miðað við valkost A, horft er til vesturs



Möguleg ásynd svæðis miðað við valkost B, horft er til vesturs



Yfirlitsmynd af afmörkun deiliskipulagsvæðis, ásamt friðlandi Ástjarnar og fólkvangi við Ásfjall

Óverulegur munur er á milli valkosta. Knathúsið kemur til með að vera áberandi í landslaginu í báðum valkostum.

MÓTVÆGISADGERÐIR

Dregið verður úr áhrifum mannvirkja á ásynd með skilyrðum um hæðir, þök, vandaðri hönnun og gróðri í nærumhverfi.

UMSAGNA LEITAD

Gert er ráð fyrir að á kynningartíma umhverfismatsskýrslu verði leitað umsagna til sömu aðila og á kynningar-tíma matsáætlunar.

Umhverfismatsskýrslan er aðgengi-leg öllum á heimasíðum Skipulagsstofnunar og Hafnafjarðarbæjar.

KYNNINGARFUNDUR

Haldinn verður kynningarfundur um framkvæmdirnar á kynningartíma umhverfismatsskýrslunnar. Kynningin verður í formi opins húss og verður leitast við að fá sem flesta hagsmunaaðila til þess að mæta svo sjónarmið sem flestra verði ljós og hægt verði að bregðast við athugasemdum og upplýsingum sem málið varðar. Gert er ráð fyrir að fundurinn verði auglýstur á heimasíðu Hafnafjarðarbæjar.



Núverandi ásynd frá göngustígnum við neðstu húsin í Áslandi, horft er til SV.



Ásynd frá göngustígnum við neðstu húsin í Áslandi m.v. A-kost, horft er til SV.

Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 15. júlí 2022 til Skipulagsstofnunar eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is

Skoda skýrslu:



Fengu Hönnunarbikarinn

Nemendur Víðistaðaskóla fengu Hönnunarbikarinn fyrir verkefni sitt Lýsandi úlpu



Anna Heiða Óskarsdóttir, Helga Sóley Friðbjófsdóttir og Sveindís Rósa Almarsdóttir í 7. bekk Víðistaðaskóla



Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, afhenti nýlega verðlaun fyrir nýsköpun í Nýsköpunarkeppni grunnskóla.

Hilda Rún Hafsteinsdóttir og Thelma Sif Róbertsdóttir í 7. bekk Sandgerðis-skóla hlutu aðalverðlaun fyrir hugmynd sína Hjálparljós.

HÖNNUNARBÍKARINN

Hönnunarbikar Nýsköpunarkeppni grunnskólanna 2022 fengu þær Anna Heiða Óskarsdóttir, Helga Sóley Friðbjófsdóttir og Sveindís Rósa Almarsdóttir í 7. bekk Víðistaðaskóla með hugmynd sína Lýsandi úlpa.

NÝSKÖPUNARKENNARI

Kennari þeirra er Ásta Sigríður Ólafsdóttir en hún hlaut viðurkenningu Nýsköpunarkennari grunnskólanna 2022.

FYRIR NEMENDUR Í 5.-7. BEKK GRUNNSKÓLA

Nýsköpunarkeppni grunnskólanna er hugmyndasamkeppni fyrir nemendur í 5.-7. bekk grunnskóla. Krakkarnir útfærðu hugmyndir sínar á vinnustofum í tvo daga og fór keppnin fram



laugardaginn 21. maí í Háskólanum í Reykjavík.

Mennta- og barnamálaráðuneytið er eigandi Nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Menntavísindasvið Háskóla

FRÍTT SÖLUVERÐMAT // SANNGJÖRN SÖLUBÓKNUN // FAGLJÓSMYNDARI

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Óskar Steinmóðsson
löggiltur fasteignasali

as@domus.is

896 6076



Firði, verslunarmiðstöð,
5. hæð (norðurtúrn)
220 Hafnarfjörður
www.domus.is

domus
FASTEIGNASALA

 Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda

Umhverfismatsskýrsla í kynningu

Íþróttamannvirki Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði

Hafnarfjarðarbær hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði.

Kynning á umhverfismatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og umhverfismatsskýrsla liggur frammi til kynningar á Skipulagsstofnun frá 2. júní til 15. júlí 2022. Umhverfismatsskýrslan er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar: www.skipulag.is.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og lagt fram umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 15. júlí 2022 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

17. júní í Hafnarfirði

Fagnaðu þjóðhátíðardeginum með okkur heima í Hafnarfirði. Fjölbreytt dagskrá í boði víðs vegar um bæinn.

Celebrate Iceland's National Day with us here in Hafnarfjörður. We offer a varied programme of events around the town.

Przyjdź i świętuj z nami święto narodowe w Hafnarfjörður. Urozmaicone obchody w różnych częściach miasta.



Dagskrá
hfj.is/17juni

